

Tillaga um stækkun á tilraunaverkefni í kynfræðslu

Lagt er til að haustið 2020 verði tveimur skólum bætt við í tilraunaverkefni um markvissa kynfræðslu, Réttarholtsskóla og Hagaskóla. Verkefnið verður unnið í samvinnu skólanna tveggja, félagsmiðstöðvanna Bústaða og Frosta og skólahjúkrunarfræðinga beggja skóla. Sérfræðingar frá skrifstofu skóla- og frístundasviðs veita ráðgjöf, fræðslu og stuðning.

Greinargerð:

Samkvæmt lögum um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir nr.25/1975 (43/2019) kemur fram að börn og unglingar eiga að fá fræðslu um kynlíf og siðfræði kynlífs á öllum skólastigum. Mikilvægt er að nemendur fái vandaða og góða kynfræðslu sem t.d. vegur upp á móti áhrifum klámvæðingar á viðhorf þeirra til samskipta og kynlífs. Samkvæmt nýjustu tölum frá Rannsóknunum og greiningu (2018) horfa rúm 63% drengja í 10. bekk á Íslandi á klám í hverri viku til nokkrum sinnum á dag. Internetið er ein aðgengilegasta kynfræðsla ungmenna í dag og gegnir skólinn lykilhlutverki í því að veita nemendum mótvægi með réttum upplýsingum og vandaðri kynfræðslu.

Á skólaárinu 2018-2019 var lagt af stað með tilraunaverkefni í kynfræðslu til þriggja ára í tveimur grunnskólum borgarinnar, Foldaskóla og Seljaskóla. Tilraunaverkefnið var afrakstur vinnu starfshóps um stefnumótun í kynfræðslu í skóla- og frístundastarfi. Sá hópur var settur saman eftir ítrekaðar tillögur Reykjavíkurráðs ungmenna um betri og markvissari kynfræðslu í skóla- og frístundastarfi. Verkefnið gengur út á aukna markvissa og vandaða kynfræðslu sem unnin er í samvinnu skólahjúkrunarfræðings, kennara og frístundaráðgjafa sem kemur inn í skólann. Almenn í skólastarfi í dag fá nemendur einu sinni kynþroskafræðslu í 6. bekk og einu sinni kyn- og kynlífsfræðslu í 9. bekk frá skólahjúkrunarfræðingi auk þess sem ein til tvær kennslustundir fara í kynfræðslu í 10. bekk í náttúrufræði og samfélagsfræði. Misjafnt er á milli skóla hvort og hversu miklu er bætt við þessa tíma. Margar félagsmiðstöðvar bjóða einnig upp á kynfræðslukvöld fyrir unglunga. Með tilraunaverkefninu er verulega bætt við þá fræðslu sem nemendur fá almennt. Fræðslan er sniðin að aldri nemenda og þess gætt að markvisst sé byggt ofan á fyrri þekkingu.

Hugtakið kynfræðsla er víkkað út og mikil áhersla lögð á félagslegan þátt kynfræðslunnar og sjálfsmynd nemenda. Frístundaráðgjafar koma frá þeirri félagsmiðstöð sem tengist skólanum, í tilraunaverkefninu eru það Hólmasel og Fjörgyn. Sérfræðingar á skrifstofu skóla- og frístundasviðs veita starfsfólki ráðgjöf og stuðning eftir þörfum og aðstoða við að finna viðeigandi námsefni sem hentar aldri nemenda hverju sinni. Skólastjórnandi tekur frá a.m.k 12 kennslustundir yfir veturinn til kynfræðslunnar og skiptast tímarnir á milli þeirra aðila sem sinna fræðslunni. Hver fagstétt ber ábyrgð á ákveðnum þáttum fræðslunnar þó svo að áhersluþættir skarist að einhverju leyti. Lauslega má segja að skólahjúkrunarfræðingar leggi mesta áherslu á líkamann og líffræðina, kennari á tilfinningar, samskipti og sjálfsmynd og frístundaráðgjafar á félagslega þáttinn og utanaðkomandi áhrif svo sem klám, hópþrýsting, nektarmyndasendingar o.fl. Gert er ráð fyrir virku samtali á milli þeirra sem fræðslunni sinna. Unnið er með alla þætti kynheilbrigðis og kynheilsu auk þess sem mikil áhersla hjá öllum

fræðurum er á heilbrigð samskipti og jákvæða sjálfsmýnd. Nemendur fá einnig fræðslu um jafnrétti og kynferðislega áreitni og kynferðislegt ofbeldi.

Á fyrsta ári verkefnis er kynfræðslan eingöngu á unglingastigi, auk kynþroskafræðslu í 6. bekk frá hjúkrunarfræðingi. Á öðru ári bætist við fræðsla á miðstigi og þá aðallega í 7. bekk. Á þriðja ári stendur til að fara niður á yngsta stig og verður þá aðal áherslan á nemendur í 1. og 4. bekk. Á yngsta stigi verða kennslustundirnar færri og lagt upp með að fræðslan snúist fyrst og fremst um samskipti, mörk, líkamsvirðingu, tilfinningar og jafnræði. Meðfylgjandi í tilraunaverkefninu eru hreinlætisvörur eins og túrtappar og dömubindi aðgengilegar á salernum auk þess sem smokkar eru aðgengilegir nemendum á unglingastigi í félagsmiðstöðinni. Tilraunaverkefnið í Foldaskóla og Seljaskóla hefur fengið afar jákvæð viðbrögð og hlaut m.a. Hvatningarverðlaun skóla- og frístundaráðs vorið 2019. Fjárhagsmat tillögunnar gerir ráð fyrir kostnaði fyrir greiðslu til frístundamiðstöðva kr. 1.600.000 sem skiptist á milli fjögurra frístundamiðstöðva ásamt kostnaði við hreinlætisvörur og smokka að fjárhæð kr. 200.000 og aðkeypta fræðslu með öðrum kostnaði kr. 200.000, alls kr. 2.000.000.